

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 17. maí 1979

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tengibúnað og bakkskiptingu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(79/533/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Meðal tæknilegra krafna sem dráttarvélar verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða tengibúnað og bakkskiptingu.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 ⁽⁴⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúð ökutæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar

sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loffyllta hjólbarða, tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 25 km/klst.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél af ástæðum sem varða tengibúnað eða bakkskiptingu ef þeim kröfum sem nefndar eru í viðaukunum er fullnægt.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu dráttarvélar eða að hún sé skráð, tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem tengjast tengibúnaði eða bakkskiptingu ef þeim kröfum sem nefndar eru í viðaukunum er fullnægt.

4. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukanna að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan 18 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 268, 11. 11. 1978, bls. 34.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 296, 11. 12. 1978, bls. 69.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 128, 21. 5. 1979, bls. 17.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. maí 1979.

Fyrir hönd ráðsins,

A. GIRAUD

forseti.

*I. VIÐAUKI***TENGIBÚNAÐUR****1. Fjöldi**

Allar dráttarvélar skulu hafa sérstakan búnað sem hægt á að vera að festa tengingu við svo sem dráttarstöng eða dráttartaug.

2. Staðsetning

Búnaðinum skal komið fyrir framán á dráttarvélinni og skal hann vera með tengipinna.

3. Hönnun

Búnaðurinn skal vera af tengigaffalgerð. Fylgja skal þeim málum sem mælt er fyrir um.

öllum málum í mm

Þvermál tengipinnans á að vera 30 + 1,5 mm og með búnaði sem kemur í veg fyrir að hann losni meðan á notkun stendur. Ekki má vera hægt að taka öryggisbúnaðinn af.

Frávikið + 1,5 sem vísað er til hér á undan telst ekki vera framleiðslufrávik heldur leyfilegur munur á nafnmálum tengipinna af ólíkri gerð.

*II. VIÐAUKI***BAKKSKIPTING**

Allar dráttarvélar skulu hafa búnað fyrir akstur afturábak sem hægt er að stjórna úr ökumannssæti.
